

Simpleware ScanIP Medical

Leiðbeiningar fyrir notkun hugbúnaðar

Útgáfa T-2022.03

Síðast breytt: Febrúar 2022 (endurskoðunarnúmer 2.1).

Þetta skjal er rafrænt afrit af einföldum „Notkunarleiðbeiningum“ fyrir Simpleware ScanIP Medical hugbúnað. Ítarlegar leiðbeiningar má finna í „Viðmiðunarhandbókinni“.

Lýsing á Simpleware ScanIP Medical

Simpleware™ ScanIP Medical veitir myndvinnsluviðmót með viðbótareiningum sem tiltækar eru fyrir Finite Element gerðarmyndun, CAD samþættingu, NURBS útflutning og efnislegan eignaútreikning. Simpleware ScanIP Medical er hugbúnaður með einingum sem samþættar eru sama hugbúnaði í stað þess að um sé að ræða aðskilin tölvuforrit.

Vísbendingar um notkun

Simpleware ScanIP Medical er ætlað til notkunar sem hugbúnaðarviðmót og myndhlutunarkerfi fyrir flutning á myndrænum upplýsingum úr skanna til lækninga á borð við tölvusneiðmyndataeki eða segulómtæki í úttaksskrá. Hann er einnig ætlað sem hugbúnaður fyrir skurðaðgerð til að herma eftir/meta valkosti á sviði skurðaðgerðar. Simpleware ScanIP Medical er ekki ætlað til notkunar fyrir brjóstmyndatöku.

Viðvaranir og ráðleggingar

Þessi vara er eingöngu ætluð til notkunar í atvinnuskyni og ætti einungis að nota af þjálfuðum tækniáðilum sem búa yfir fagþekkingu í ensku.

Enska er það tungumál sem notað er í hugbúnaðarviðmóti Simpleware ScanIP Medical.

Úttakið þarf að vera staðfest af ábyrgum heilbrigðisstarfsmanni.

Simpleware ScanIP Medical hefur getu til að vinna úr, geyma eða fleygja upplýsingum sem finna má í myndskráum fyrir lækningar á borð við DICOM skrár á meðan innflutningur þessara skráa fer fram. Innflutningsferlið getur verið fólgið í ólíkum gagnaflytningaáferðum á borð við USB, geisladiska/DVD-diskadrifi eða geymslakerfi sem nota netþjón á borð við PACS. Þegar slíkar skrár innihalda persónuupplýsingar sjúklinga er það á ábyrgð endanlegra notenda að fylgja gildandi lögum um rétta meðferð persónuupplýsinga – til dæmis HIPAA (Bandaríkjin) og GDPR (ESb) – og að fleygja upplýsingum þegar þörf krefur. Vinsamlegast sjáið viðeigandi kafla í Leiðarvísinum varðandi það hvernig persónuupplýsingar eru vistaðar og aðgengilegar í Simpleware ScanIP Medical, til að tryggja að notkun þín uppfylli viðeigandi kröfur.

Mælt er með því að nota Simpleware ScanIP Medical í vélbúnaðar- og/eða netumhverfi þar sem öryggisstjórnun á netkerfi hefur verið innleidd, þ.m.t. vírusvörn og notkun eldveggis.

Nákvæmni

Algóritmi myndvinnslu og möskva Simpleware ScanIP Medical er hannaður til að nota hlutamagn til að bæta yfirborðsnákvæmni. Endurbyggt þrívíddaryfirborð er yfirleitt með hámarksfrávik upp á ½ af myndkornastærð.

Athugið: nákvæmni tækisins ræðst af myndupplausn og gæðum upprunalegrar myndar. Nákvæmni tækisins við hermun ræðst einnig af kröfum notanda og vali á hermihugbúnaði.

Við endurbyggingu yfirborðs getur villa átt sér stað við skarpar brúnir sem erfitt er að endurbyggja með því að nota myndtengda möskvatækni. Of mikill hávaði í skönnuðum myndum getur einnig haft áhrif á nákvæmnina.

Aðrar leiðir til að skoða þessar upplýsingar og neyðartilvik

Endanlegir notendur Simpleware ScanIP Medical geta óskað eftir ókeypiss útprentuðu afriti af þessu skjali. Vinsamlegast hafið samband á netfangið simpleware@synopsys.com til að óska eftir slíku.




ÍEf þörf er á upplýsingum þegar neyðartilvik kemur upp skal hringja í númerið +44(0)1392 428750.

Ef þú upplifir tímabundinn ótíltækileika á þessu skjali í gegnum vefsíðu Synopsys, á Netinu almennt eða að stofnanaaðgangi þínum, mælum við með því að notkun hugbúnaðarins sé tímabundið stöðvuð þangað til aðgangur er endurheimtur nema þú sért með útprentað afrit af þessu skjali.

Engin fyrirsjáanleg neyðartilvik eru fyrir hendi hvað þetta tæki varðar. Ef þú telur að þetta tæki hafi átt beinan eða óbeinan þátt í líkamstjóni eða dauða sjúklings skaltu tafarlaust hafa samband á netfangið simpleware@synopsys.com eða hringja í númerið +44(0)1392 428750.

Gluggatákn

Simpleware ScanIP Medical notast við ýmiss konar hefðbundin tákn (teikn) þegar birtir eru upplýsingagluggar. Taflan að neðan veitir upplýsingar um alvarleika þeirrar hættu sem tengist hverri tegund tákns.

Tákn	Merking
	<ul style="list-style-type: none">Ábending eða upplýsingar.Áhættustig: lágt.Upplýsingarnar sem veittar eru kunna að vera gagnlegar en hunsun þeirra hefur í för með sér litla hættu á að valda líkamstjóni eða dauða.
	<ul style="list-style-type: none">Viðvörðun eða möguleg notkunarvilla.Áhættustig: miðlungs.Upplýsingarnar sem veittar eru tengjast aðgerð sem hefur tekist en notandinn þarf að vera meðvituð/aður um upplýsingar sem bent geta til óæskilegra aukaverkana.
	<ul style="list-style-type: none">Villa/notkunarbílun.Áhættustig: lágt.Aðgerð hefur ekki tekist. Engin hættu er á óæskilegum aukaverkunum þó að útkoman hafi verið neikvæð.

Notkunarleiðbeiningar

Gangsetning Simpleware ScanIP Medical

Tvísmelltu á Simpleware ScanIP Medical T-2022.03 táknið á skjáborðinu þínu eftir að þú hefur sett hugbúnaðinn upp á tölvunni þinni. Þú getur einnig smellt á Windows táknið í „verkstíkunni“ og flett í **Synopsys Simpleware ScanIP Medical > Simpleware ScanIP Medical T-2022.03**.

Leiðarvísinn er hægt að opna með því að smella á hnappinn „Hjálp“ á opunarsíðunni sem birtist eftir að Simpleware ScanIP Medical hefur verið ræst.

Notkun Simpleware ScanIP Medical er stjórnað með leyfislyklaskrá sem kann að vera hnútlæst eða á floti. Leiðbeiningar fyrir uppsetningu á báðum leyfisvalkostum er að finna í **Viðmiðunarhandbókinni**. Öll nauðsynleg uppsetningarforrit (vöru- og leyfisverkfæri) og leyfislykla má hala niður á **SolvNetPlus** (<https://solvnet.synopsys.com>). Vinsamlegast hafið í huga að virk leyfi Simpleware ScanIP Medical eru aðeins með aðgang að SolvNet.

Studd stýrikerfi

- Windows 10*†
- Windows Server 2016*
- Leyfisverkfæri fyrir Linux 32 bita og 64 bita

*Aðeins eru 64 bita útgáfur af þessum stýrikerfum studdar.

†Simpleware ScanIP Medical hefur verið prófað að fullu á þessu stýrikerfi.

Ráðlagðar kerfiskröfur

Stýrikerfi	Vélbúnaður
<ul style="list-style-type: none">• Windows 10• Windows Server 2016 <p>Aðeins eru 64 bita stýrikerfi studd.</p>	<ul style="list-style-type: none">• Örgjörvi: Intel Core i7 eða jafngildi• Minni (RAM): 16 GB eða meira**• Skjákort: OpenGL 3.2 samhæf skjákort fyrir vinnustöðvar með 1024 MB VRAM• Skjáupplausn: 1920 x 1080; True color (32 bita) eða meira• Diskpláss: 100 GB <p>** Til viðmiðunar skal gera ráð fyrir tvöfalt meira RAM miðað við stærð gagnamengis þíns fyrir gagnabirtingu og allt að fjórfalt til áttfalt meira fyrir hlutun, möskvamýndun á yfirborði o.s.frv. Nauðsynlegt minni ræðst mikið á stærð og flækjustigi myndgagna þinna og samsvarandi líkani sem þarf að greina. Vinsamlegast hafðu samband við þjónustuver Simpleware til að fá frekari upplýsingar varðandi ákveðnar fyrirspurnir.</p>

Samskiptaupplýsingar framleiðanda



Simpleware ScanIP Medical T-2022.03

Framleitt árið 2022 af Synopsys Simpleware Product Group
Synopsys (Northern Europe) Ltd.
Bradinch Hall, Castle Street, Exeter, EX4 3PL, United Kingdom
Phone: +44(0)1392 428750
Email: simpleware@synopsys.com



Simpleware ScanIP Medical er CE-merkt vara
UDI Number: (01)00863520000390(8012)T-2022.03



Synopsys International Limited
Blanchardstown Corp Park, Block 1, Dublin 15, Ireland

Núverandi framboð sem CE-merkt vara

Frekari upplýsingar um núverandi framboð og áætlanir fyrir Simpleware ScanIP Medical sem CE-merкта vöru í þínu landi má nálgast með því að hafa samband á netfangið simpleware@synopsys.com.